

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

Að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða staðsett við enda Leifsgötu við Barónsstíg fyrir íbúa að Barónsstíg 63.

Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 2. janúar 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2019